



**Varðar lánsúmsókn til Orkusjóðs vegna  
borunar eftir heitu vatni við Selárdalslaug í  
Vopnafirði**

**Kristján Sæmundsson**

**Greinargerð KS-1980-07**

Varðar lánsúmsókn til Orkusjóðs  
vegna borunar eftir heitu vatni  
við Selárdalslaug í Vopnafirði.

Kringum áramótin 1979/1980 voru boraðar rannsóknarholur á Laugum í Selárdal í Vopnafirði. Hiti í laugunum var mest 45°C og hefur vatnið verið notað um langt skeið í sundlaug héraðsbúa. Uppleyst kísilsýra benti til að þarna mætti fá með borun uppundir 60°C heitt vatn. Laugar allar vætla fram úr sprungu og var tilgangur rannsóknarborunarinnar einkum sá að fá upplýsingar um halla sprungunnar og vatnsgengd í henni. Með tveimur grunnum holum (80 m djúpum) kom í ljós, að sprungunni hallar til austurs, en óvíst hversu mikið. Þriðja hola (330 m djúp) var boruð nokkuð austan við hinar tvær, en náði ekki að skera sprunguna.

Aðeins hola 1 gaf umtalsverðan árangur, 4 l/s sjálfrennandi af 51°C heitu vatni, aðallega úr æð í 50 m dýpi. Í borun fengust úr holunni um 15 l/s með loftdælingu. Hola 3 gefur um 1,2 l/s af 47°C heitu vatni sjálfrennandi. Mestur hiti í henni er 50°C frá 200 m til botns. Hola 1 (87 m), vestan sprungunnar, gaf ekkert vatn og var aðeins 39°C heit. Efnagreining á vatni úr holu 1 bendir til 61-63°C hita dýpra í vatnskerfinu, sem holurnar nærast af. Til könnunar á því hvort svo heitt vatn sé þarna að fá, liggur beinast við að dýpka holu 3, enda má gera ráð fyrir, að sú hola hitti þá í austurhallandi sprungu.

Frá Laugum í Selárdal eru um 9 km til Vopnafjarðar sé farið yfir Nýpslón á ósnum. Ólíklegt er að hitaveita geti orðið hagkvæm þótt svo að rúmlega 60°C heitt vatn fengist í nægilegu magni, þegar aðveitan er þetta löng. Jarðhitadeild vill því ekki mæla með frekari borun þarna, nema áður verði gerð athugun á nýtingarmöguleikum vatnsins til hitaveitu eða annarra nota.

Kostnaður við dýpkun holu 3 í ca 600 m gæti orðið um 15 Mkr. skv. áætlun jarðborunardeildar.

Til Páls Flygenring

Frá Kristjáni Sæmundssyni

Samrit til

Varðar Heitavatsborun f. Vopnafjörð

Meðfylgjandi greinargerð var send orkuráði vegna umsóknar Vopnfirðinga um frekari borun í Selárdal. Þá lá ekki fyrir áætlun um nýtingu vatnsins. Slíka áætlun létu Vopnfirðingar gera þá þegar, en Orkustofnun (J.B.) óskaði eftir viðmiðun við rafhitun fremur en olíu, áður en málið yrði aftur lagt fyrir orkuráð. Sú áætlun hefur ekki borist. Ég hafði samband við Kristján Magnússon sveitarstjóra á Vopnafirði og spurði um endurskoðun áætlunarinnar. Verkfræðistofan mun senda Orkustofnun bréf um það atriði. Með vorinu átti því að vera hægt að hefjast handa ef mönnum sýnist skynsamlegt að kanna þetta eitthvað betur. Hitastigið er í lægri mörkunum fyrir nýtingu og "kísilhitinn" einungis vísbending sem ekki má treysta bókstaflega.

31 - 4/10/81

Varist munnleg fyrirmáli